

Skólaráðsfundur 25. september 2014 kl. 15.00.

Mættir eru: Sigríður Jóna Ingólfssdóttir fulltrúi foreldra, Heimir Jóhannsson fulltrúi foreldra, Sigurður Arnarson fulltrúi kennara, Ásdís Elva Helgadóttir fulltrúi foreldra, Helga Lyngdal Þorsteinsdóttir fulltrúi kennara, Svava Svavarsdóttir fulltrúi annara starfsmanna, Ólöf Inga Andrésdóttir skólastjóri og Anna Bergrós Arnarsdóttir deildarstjóri og ritari fundargerðar.

1. Nýtt skólaráð kynnir sig. Ákveðið var að þessi fundartími hentaði vel s.s. kl. 15.00 síðasta fimmtudag í mánuði. Búið verður að finna fulltrúa nemenda fyrir næsta fund en verið er að kjósa í nemendaráð í bekkjunum.

2. Rita þarf fundargerðir skólaráðs og birta á heimasíðu. Á því hefur verið misbrestur hingað til en bætt verður úr því framvegis. Svo virðist sem ýmsar hagnýtar upplýsingar vanti inn á heimasíðu og þar þarf að gera bragabót á. Nokkrar umræður um heimasíðu og myndir, hvort setja eigi myndir af öllum á heimasíðu. Gott er að fá samþykki allra foreldra fyrir því hvort setja megi myndir af börnunum á heimasíðu. Hægt er að fá undirskrift foreldra t.d. á viðtalsdegi og þá mætti fá samþykki fyrir fleiri hlutum eins og t.d. hvort börn megi fara í bíl með starfsmönnum og hvort þau megi taka þátt í könnunum á vegum skólans á skólatíma. Einnig rætt að það megi endurnýja síðuna og gera hana aðgengilegri.

3. Skólinn er um þessar mundir í ytra mati. Niðurstöðu má vænta eftir nokkrar vikur. Ytra matið fólst í bekkjarathugun, viðtölum við fulltrúa frá aðilum skólasamfélagsins s.s. starfsmenn, foreldra og nemendur. Síðan notast þær við ýmis gögn s.s. af heimasíðu og önnur gögn sem óskað var eftir.

4. Frammistöðumat. Rætt hvort halda eigi því áfram eða ekki. Nokkrar umræður um málið og skiptar skoðanir. Skólaráðið er þó sammála um að halda frammistöðumati áfram enda kjörinn vettvangur fyrir foreldra og börn að ræða skólastarfið og undirbúa fyrir viðtöl við kennara sem fylgja í kjölfarið. Rætt um hvort tímabært sé að meta stöðu í námsgreinum þegar þetta stutt er liðið á skólaárið eða í október eins og er þetta skólaárið. Þó eru allir sammála um að mikilvægt sé að kanna líðan barna á þessum tímapunkti.

Önnur mál

Formaður foreldrafélagsins segir að margir hafi komið að máli við sig og tala um að heimasíðan sé óaðgengileg og lítið sé af upplýsingum þar. Heimasíður nokkurra grunnskóla skoðaðar. Ljóst er að bæta má úr. Til dæmis má athuga hvort hægt er að hýsa myndir á stað sem er aðgengilegri en núverandi. Einnig hvort forsíðan getur verið aðgengilegri og gefið meiri upplýsingar t.d. fært „nýtt á vef“ á sýnilegri stað og látið félagsmiðstöð hafa sína síðu.

Ekki fleira rætt og fundi slitið kl. 16.00